



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

Myllan

FRÉTTABRÉF

3. tbl. 24. árgangur október 2008

Í þessari Myllu

<i>Heilsudagur/skólahlaup</i>
<i>Samræmd próf</i>
<i>Vetrarfrí</i>
<i>Félagsstarf nemenda</i>
<i>Lestrarkóngur</i>
<i>Snorrastaðatjarnir</i>
<i>Náms- og starfsráðgjöf</i>
<i>Innritun í framhaldsskóla</i>
<i>1. bekkur í leikskólaheimsókn</i>
<i>Heilsukynning í 1. bekk</i>
<i>Fótboltamót grunnskólanna</i>
<i>Veidiferð í 9. bekk</i>
<i>Nemendaráð</i>
<i>Foreldrafélga Myllubakkaskóla</i>
<i>Kortagerð</i>
<i>Leirmótunarnámskeið</i>

Vetrarfrí

**Vetrarfrí verður föstudaginn 24. október
og mánudaginn 27. október**

Heilsudagur/skólahlaup

Miðvikudaginn 24. september var heilsudagur. Fyrst um morguninn fengu nemendur fyrirlestur um forvarnir. Í nestistímanum bauð Myllubakkaskóli börnunum upp á ávexti. Þar sem þessi dagur var líka skólamjólkurdagur fengu allir sem vildu mjólkurfærnu. Eftir hressingu fóru yngstu börnin í göngu en þau eldri fóru upp á íþróttasvæðið og hlupu 2,5, - 5, - 7,5 eða 10 kílómetra.



Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Íslenskuprófið er fimmtudaginn 16. október og stærðfræðiprófið föstudaginn 17. október. Mikilvægt er að börnin fari snemma að sofa fyrir þessa daga og séu vel upplögð til að taka prófin. Prófin byrja kl. 9:30 en nemendur eiga að mæta í skólann kl. 9:10.

Félagsstarf nemenda

Þrið. 14. okt	Stelpu og strákaklúbbar stofnaðir		8. - 10. bekkur
Þrið. 21. okt	Diskótek	Myllubakkaskóli 17:00 - 18:30	1. - 3. bekkur
	Diskótek	Myllubakkaskóli 17:00 - 18:30	6. - 7. bekkur
Mið. 22. okt.	Diskótek	Myllubakkaskóli 19:00 - 20:30	4. - 5. bekkur
Mið. 29. okt.	Opið hús	Myllubakkaskóli 19:30 - 21:30	8. - 10. bekkur
Þrið. 11. nóv.	Bíó kvöld	Myllubakkaskóli 19:30 - 21:30	8. - 10. bekkur
Mið. 12. nóv.	Diskótek *	Njarðvíkurskóli 17:00 - 18:30	5. bekkur
Mið. 13. nóv.	Diskótek *	Njarðvíkurskóli 17:00 - 18:30	6. bekkur
	Diskótek *	Njarðvíkurskóli 19:00 - 20:30	7. bekkur
Fim. 11. des	Jólabingó	Myllubakkaskóli 17:30 - 19:00	1. - 3. bekkur
	Jólabingó	Myllubakkaskóli 19:30 - 21:00	7. - 10. bekkur
Föst. 12. des.	Jólabingó	Myllubakkaskóli 16:00 - 17:30	4. - 6. bekkur
Þrið. 16. des.	Jólaball	20:00 - 23:00	8. - 10. bekkur

* Sameiginleg diskótek grunnskólanna í Reykjanesbæ.



Lestrarkóngur

Lestrarkóngur sumarlesturs var Emil Örn Gunnarsson úr 2. HT. Sumarlestur er samvinnuverkefni grunnskólanna og Bókasafns Reykjanesbæjar.

Til hamingju Emil Örn :)

Snorrastaðatjarnir

Að morgni 3. október fór 5. bekkur í sína árlegu líffræðiferð að Snorrastaðatjörnum. Tilgangur ferðarinnar var að skoða votlendi við Snorrastaðatjarnir og lífríkið í því. Nemendur söfnuðu ýmsum lífverum (sílum, brunnskúkkum, vatnsköttum o.fl.) sem lifa í tjörnunum og gróðri sem vex þar í kring. Veðrið var frábært, stafalogn en dálítið kalt. Það kom ekki að sök því nemendur voru vel klæddir sérstaklega til fótanna og undu sér því vel. Þegar heim var komið var afraksturinn skoðaður með hjálp viðsjáar og bóka.



Náms- og starfsráðgjöf í 10. bekk

Undanfarnar vikur hefur námsráðgjafi skólans, Skúli Freyr Brynjólfsson, fengið til sín alla nemendur 10. bekkjar í einstaklingsviðtöl. Markmiðið með þeim er að skoða faglega stöðu hvers nemanda og ræða þau áform sem nemendur hafa eftir að grunnskólanámi þeirra lýkur. Í heildina hafa þessi viðtöl verið afskaplega góð og árangursrík. Þeim verður fylgt eftir samkvæmt þörfum hvers og eins nemanda. Í janúar munu nemendur 9. bekkjar fá sambærileg viðtöl og 10. bekkingar svo öðru sinni í mars. Rétt er að benda á að allir nemendur skólans eru velkomnir að ræða við námsráðgjafa hvenær sem þeir óska og þarf tilefnið alls ekki að vera stórt.

Í kjölfarið á viðtölunum fengum við Sunnu Gunnarsdóttur námsráðgjafa úr Fjölbautaskóla Suðurnesja, í heimsókn, mánudaginn 6. október. Hún kynnti námsframboð skólans og ýmsa þætti sem mikilvægt er að vita um áður en menn sækja um framhaldsnám. Sú heimsókn var vel heppnuð og þökkum við Sunnu fyrir komuna.

Innritun í framhaldsskóla

Síðastliðið sumar tóku gildi ný lög um grunnskóla og framhaldsskóla. Í kjölfar þeirra verða samræmd próf í 10. bekk afnumin í þeirri mynd sem við þekkjum þau. Þess í stað verða tekin upp samræmd könnunarpróf sem ekki verða notuð til viðmiðunar við innritun í framhaldsskóla. Hvernig útfærslan á því verður er enn óljóst. Það sem við þó vitum er að einungis verður stuðst við skólaeinkunnir. Þar sem þær eru reiknaðar út frá ástundun og árangri nemandans allt skólaárið er afar mikilvægt að nemendur stundi námið eins vel og þeir geta, frá fyrsta degi skólaársins til þess síðasta. Einnig er rétt að áréttta að þeir nemendur 10. bekkjar sem tóku samræmd próf síðastliðið vor munu einnig taka könnunarprófin sem lögð verða fyrir í maí 2009.

1. bekkur í heimsókn á Tjarnarsel og Vesturberg

Í október fór 1. bekkur í heimsókn á leikskólana. 1. HF heimsótti elstu börnin á Tjarnarseli og 1. SH heimsótti elstu börnin á Vesturbergi. Þetta er liður í samstarfi leikskóla og grunnskóla sem kallast Brúum bilið. Síðar í vetur munu elstu börn leikskólanna heimsækja nemendur í 1. bekk.



Sjúkraliði frá HSS fræddi 1. bekkinga lauslega um hreinlæti og hollustu. Hann ræddi mikilvægi þess að borða hollan morgunmat og taka lýsi. Einnig ræddi hún um sykurneyslu í sambandi við tannvernd og mikilvægi þess að burstu tennur kvölds og morgna. Börnin voru flúorskoluð og flestum fannst þetta ekkert mál. Næst verður flúorskolað þrjá daga í röð í byrjun nóvember og svo aftur í febrúar.

Heilsukynning

Fótboltamót grunnskólanna

Fótboltamót grunnskóla Reykjanesbæjar var haldið í Reykjaneshöllinni dagana 22. og 29. september. Strákarnir spiluðu sína leiki 22. september þar sem þeir gerðu jafntefli við Holta- og Njarðvíkurskóla en töpuðu fyrir Heiðarskóla. Þetta skilaði þeim í þriðja sæti en Holtaskóli vann mótið. Stelpurnar spiluðu viku seinna en þær gerðu líka jafntefli við Holta- og Njarðvíkurskóla en unnu svo Heiðarskóla. Keppnin var mjög jöfn hjá þeim en 3 lið voru jöfn að stigum, Myllubakkaskóli, Holtaskóli og Njarðvíkurskóli, öll með 5 stig. Því var farið eftir markatölu og var það Holtaskóli sem var með bestu markatöluna, Njarðvíkurskóli með þá næstbestu og því annað sætið og við í því þriðja.

Veidiferð - 9. bekkur

Mánudaginn 15. september fór 9. bekkur í veiðiferð að Djúpvatni á Reykjanesi. Ferðin tókst með eindæmum vel þrátt fyrir að veðrið væri ekki upp á sitt besta þennan dag. Veiðin var dræm en einungis þrjár smáfiskar komu á land. Nemendur skemmtu sér við boltaleiki og gönguferðir á milli þess sem þeir stóðu á vatnsbakkanum með veiðistöng í hönd og létu sig dreyma um mikinn afla. Það voru veðurbarðir en sælir nemendur sem komu aftur eftir þessa 10 tíma ævintýraferð.



Nemendaráð

Nemendaráð skólans er skipað 22 nemendum úr 9. og 10. bekk. Formaður nemendaráðs er Arnór Sindri Sölvason 10. AV og varaformaður er Þórunn Salóme Brynjólfssdóttir 10. AV.

Kortagerð

Námskeið í kortagerð verður haldið miðvikudaginn 12. nóvember kl. 17:00 - 19:00 fyrir nemendur í 8. - 10. bekk og foreldra þeirra. Verð er 1000 kr. Skráning er hafin hjá ritara. Kennarar eru Guðbjörg Rúna og Svana.

Foreldrafélag Myllubakkaskóla

Formaður: Linda Birgisdóttir
Varaformaður: Signý Harðardóttir
Ritari: Súsanna Fróðadóttir
Gjaldkeri: Júlíus Friðriksson
Meðstjórnendur:
Laufey Vilmundardóttir
Rut Ingólfssdóttir
Ester D. Van Gooswilligen

Leirmótunarnámskeið

Leirnámskeið fyrir nemendur 6. og 7. bekkja og foreldra þeirra hefst mánudaginn 3. nóvember kl. 17:00. Námskeiðið kostar 1200 kr. fyrir parið og verður fjóra mánudaga. Skráning stendur yfir hjá ritara skólans. Kennarar eru Guðbjörg Rúna Vilhjálmssdóttir og Svana A. Daðadóttir.